

Ídæmd sekt lúkist innan 8 vikna frá lög-  
birting dóms þessa og honum að fullnægja  
undir aðför að lögum.

Mánudaginn 23. septembermán.

Nr. 35/1895:

Rjettvísín

gegn

Hirti Elínmundarsyni.

### Dómur:

Með aukarjettardómi Norður-Múlasýslu, upp  
kveðnum 20. maímán. þ. á., var hinn ákærði Hjört-  
ur Elínmundarson dæmdur fyrir þjófnað til að  
sæta fangelsi við vatn og brauð í 2 × 5 daga og  
til að greiða allan sakarkostnað, þar með talin  
málsvarnarlaun til verjanda í hjerði 4 kr. Dómi  
þessum hefur verið skotið til yfirdómsins af hlutað-  
eigandi amtmani.

Það er sannað með játningu hins ákærða sjálfs,  
að hann um nýársleitið síðast hafi tvívegis farið í  
sölubúð kaupmanns eins á Búdareyri með þeim  
hætti, að smeygja hendinni inn um ferkantað gat á  
kjallarahurdinni og opna hana með lyklinum, sem  
stóð í að innanverðu. Úr kjallaranum mátti svo  
komast upp í búðina gegn um ólokað hleragat. Í  
þessi 2 skipti stal hinn ákærði úr búðinni vatns-  
stígvjelum, skaraxarblaði, 2 sporjárnum, skápaskrá,  
axlaböndum,  $\frac{1}{4}$  pd. af púðri og ýmsu smálegu,  
enn fremur peningabuddu og 4 kr. í peningum úr  
búðarskúffunni, sem var ólæst. Hefur hið stolna

að peningunum meðtöldum verið metið á 43 kr. 80 aura. Í þriðja skiptið ætlaði hinn ákærði að fara inn í búðina sömu leið, og var það um miðjan janúarmánuð síðastliðinn, en þá var búið að setja járnslá fyrir kjallaradyrnar að innanverðu, og varð því ekkert úr fyrirætlun hans. Hinum stolnu munum hefur mestmegnis verið skilað aptur, en að öðru leyti eigi gjörð krafa til endurgjalds fyrir þá. Hinn ákærði hefur eigi áður sætt hegningu eða ákæru fyrir neinn glæp og telur hann sig 19 ára, en segist þó fæddur árið 1874. Skírnar- og fæðingarvottorð hans hefur dómariinn ekki útvegað, en allur framburður hins ákærða hefur þann sannleiksblæ, að það virðist mega taka það trúanlegt, að hann hafi eigi verið yngri en 19 ára, þegar hann framdi þjófnaðinn.

Verknað hins ákærða hefur hjeradsdómariinn rjettilega heimfært undir 230. gr. almennra hegningarlaga 25. júní 1869, en með tilliti til þess, að hinn ákærði hefur verið látinn sitja í gæzluvarðhaldi fulla 4 mánuði, eptir að hann hatði gefið fullkomna játningu og án þess að hann á nokkurn hátt gæfi tilefni til þess með breytni sinni, og hann að öðru leyti hefur hegðað sjer vel undir prófum málsins, en er unglingur, þykir mega lækka hegninguna með skýrskotun til 59. gr. hegningarlaganna ofan í 5 daga fangelsi við vatn og brauð. Hinn ákærði á að greiða allan kostnað málsins bæði í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í hjeraði 4 kr. og

málflutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdóminum, 10 kr. til hvors.

Að því er snertir meðferð málsins í hjeradi af hálfu undirdómarans, hefur þess þegar verið getið, að hann hafi látið ákærða sitja í gæzluvarðhaldi fulla 4 mánuði, eptir að hann hafi gefið skýra og fullnægjandi játningu, og verður að álíta þetta ástæðulaust og órjett; þá hefur þess og verið getið, að undirdómariinn hefur eigi útvegað skírnar- og fæðingarvottorð hins ákærða, og er þetta mjög vítavert, enda mátti honum vera jafn innanhandar að útvega þetta vottorð eins og t. d. hegningarvottorðið úr Strandasýslu. Þá hefur hann eigi sjálfur ásamt rjettarvottunum lýst álitinu sínu um aldur ákærða, eins og fyrir er skipað í tilskipun 3. júní 1796, 38. gr. Undirdómariinn hefur eigi gefið verjanda hins ákærða í hjeradi formlegt skipunarbrjef, eins og venja er til, og sakamálið gegn ákærða hefur hann höfðað fyrir lögreglurjetti, en þó farið með það sem aukarjettarmál. Í dómsniðurlagið hefur hann sett terminus executionis, sem eigi á þar að vera. Að öðru leyti hefur meðferðin á málinu í hjeradi verið lögmæt, og þykir eigi ástæða til þess að sekta undirdómarann fyrir ofangreindar misfellur. Það vottast að málsfærslan við yfirdóminn hefur verið lögmæt.

Því dæmist rjett vera:

Hinn ákærði, Hjörtur Elínmundarson, á að sæta 5 — fimm — daga fangelsi við vatn og brauð og greiða allan sakarkostnað bæði

í hjeraði og fyrir yfirdómi, þar með talin málsvarnarlaun í hjeraði til Stefáns Th. Jónssonar 4 kr. og málflytningu- og málflytningu- og verjanda fyrir yfirdómi, cand. jur. Hannesar Thorsteinson og yfirrettarmálfærslumanns Eggerts Briem, 10 kr. til hvors.

Dóminum að fullnægja undir aðför að lögum.

Nr. 4/1895:

Ólafur Pjetursson  
gegn

Bjarna Siggeirssyni, Lars Imsland, Jóni Runólfssyni og  
Gunnlaugi Jónssyni.

#### Dómur:

Mál þetta höfðaði áfrýjandinn gegn hinum stefnda fyrir aukarjetti Norður-Múlasýslu til skaðabóta fyrir rof á samningi um húskaup, og var það dæmt í nefndum rjetti 8. okt. f. á. þannig, að stefndu voru algjörlega sýknaðir og málskostnaður látinn falla niður.

Áfrýjunarstefnan er út gefin 6. febr. þ. á., og hefur áfrýjandinn krafizt þess fyrir yfirdóminum aðallega, að hinir stefndu verði dæmdir til að greiða sjer skadabætur in solidum allt að 1000 kr. eptir mati dómkvaddra óvilhallra manna og málskostnað fyrir báðum rjettum að skaðlausu, þar á meðal 193 kr. 32 a. í málskostnað fyrir undirdómi, og til vara, að stefndi Lars Imsland verði dæmdur